

# ÞRIF OG SÓTTBREINSUN Á HESTHÚSUM

## 1. Undirbúningur

- Fjarlægjið allan skít, fóðurrestar og annan úrgang úr hesthúsinu í ílát eða gám sem ætlaður er til flutnings til förgunar.

## 2. Forhreinsun

- Aftengið rafmagnstæki, s.s. viftur.
- Takið alla lausa hluti sem geta hafa mengast af skít og leggið í bleyti í Biosolve®\* blöndu (2%), sjá hér að neðan.
- Sópið ryk af innréttingum, gluggakistum, burðarbitum í lofti, viftu, ljósum, leiðslum o.s.frv. (ofan frá og niður).
- Lyftið upp lausum mottum þannig að gólf sé frítt til þrifa.
- Ef húsið er mjög skítugt þarf að bleyta upp skítinn og skola burt áður en sápað er.

## 3. Sápun

- Blandið Biosolve®\* í hlutföllunum **2:100** (2%), þ.e. 2 lítra af efninu í hverja 100 lítra af vatni.
- Úðið blöndunni á alla fleti, u.þ.b. **250 ml** á hvern fermetra. Notið helst lágan þrýsting (25 bör) og kvoðustút. Ef ekki eru kvoðutæki til staðar, notið þá bursta eða skrúbb til að sápa fletina.
- Byrjið að kvoða loft, vegg, innréttingar, stalla, mottur o.s.frv., endið á gólfi. Kvoðið vel alla fleti í króka og kima. Athugið að kvoða ekki of stóra fleti í einu.
- Látið kvoðuna liggja á að lágmarki í 20 mínútur en kvoðan má ekki þorna áður en þvegið er.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu og hefur mögulega mengast af skít.

## 4. Þvottur

- Notið frekar lág- en háþrýstidælu.
- Notið mikið vatn og breiða vatnsbunu.
- Byrjið á lofti, veggjum, innréttingum, stöllum, mottum o.s.frv. og endið á gólfi.
- Notið bursta og sköfu á erfið óhreinindi og á þá staði sem erfitt er að komast að.
- Gætið þess að óhreinindi berist ekki frá óhreinum flötum yfir á hreina.
- Skoðið hvernig til hefur tekist með þrifu og þrífið betur ef sjáanleg óhreinindi eru til staðar.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.

## 5. Þurrkun

- Skafið eða sópið vatnspolla af gólfum og látið húsið þorna sem fyrst, upphitun og loftræsting flýta fyrir.

## 6. Sótthreinsun

- Blandið Virkon-S®\* í hlutföllunum **1:100** (1%), þ.e. 100 g af efninu í 10 lítra af vatni. Notið kalt vatn.
- Úðið blöndunni á alla fleti, loft, vegg, innréttingar, stalla, mottur o.s.frv., endið á gólfi. Notið u.þ.b. 300 ml af blöndunni á hvern fermetra (10 lítrar duga á 34 fermetra). Úðið með lágum þrýstingi (35 bör).
- Vinnið skipulega til að tryggja að sótthreinsiefnið berist á alla fleti og að allt blotni.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.
- Látið sótthreinsiefnið liggja á að lágmarki í 30 mínútur.
- Lokið húsinu.

## 7. Þurrkun

- Æskilegt er að þurrka húsið með upphitun og loftræstingu.
- Gangið frá öllum búnaði þannig að hann þorni sem fyrst.
- Þegar allt er þornað má nota húsið aftur á hefðbundinn hátt.

**\*Nota má önnur sambærileg sápu- og sótthreinsiefni, t.d. klórsambönd til sótthreinsunar og flestar bakteríudrepandi sápur.**